

Breiðholtið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

APRÍL 2020

Öll lyf á
lágmarksverði
og samheitalyf
líka!



4. tbl. 27. árg.



Erum á Óðinsgötu 1

Afgreiðslutími:

Mán: 10-16

Pri-fös: 10-18

Lau 11-16

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

Netverslun: syststrasamlagid.is



Bakkahverfið í Breiðholti er fyrsti hluti mikils byggingaráttaks á sjöunda áratug liðinnar aldar. Átakið tengdist kjarasamningum og varð til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði í Reykjavík og létta á viðvarandi húsnæðisvanda. Á bls. 4 er viðtal við Eyjólf Scheving kennara sem starfaði við snúninga og eftirlitsstörf fyrsta sumarið sem Bakkarnir voru í byggingu þar sem hann rifjar upp þetta sumar í lífi sínu. Á bls. 8 er farið yfir þessa sögu og sagt frá því hvernig hún tengdist kjaraviðræðum og kjarasamningum og óvæntu samstarfi stjórnvalda og verkalyðshreyfingarinnar.

- bls. 13
Viðtal við
Sigrúnu Klöru
Sævarsdóttur
sjúkraliðanema í FB

HEIMSENT MATARBOÐ

- 2 STÓRAR PIZZUR AF MATSEÐLI
- 2 SÓSUR AÐ EIGIN VALI
- 2 MEÐLÆTI AÐ EIGIN VALI
- 2 L GOS

AÐEINS 5.990 KR.

**Þitt hverfi hefur hækkað
einna mest síðastliðið ár.**

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst 510 7900

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

VIÐ BREIÐHOLTID

OPNUNARTÍMAR ICELAND Í BREIÐHOLTINU:
Vesturberg - Arnarbakki - Seljabraut:
Virkir daga 07:00-24:00 - Helgar 09:00-24:00

Iceland

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thoringimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

4. tbl. 27. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Tillaga að deiliskipulagi fyrir borgargarð í Elliðaárdal



Úr Elliðaárdal.

Náttúra og lífríki, útivist og upplifun og menning og arfleið eru leiðarljós í tillögu að deiliskipulagi fyrir borgargarðinn í Elliðaárdal sem nú hefur verið auglýst. Skipulagið byggir á grunni eldra deiliskipulags sem var samþykkt árið 1994 og verður fellt úr gildi þegar nýja skipulagið hefur öðlast staðfestingu. Í tillögunni eru afmörkuð og skilgreind hverfisverndarsvæði í dalnum, gerð grein fyrir helstu göngu- og hjólastígum ásamt nýjum þverunum yfir Elliðaárna og skilgreind helstu útivistar- og áningarstaðir.

Í frétt frá Reykjavíkurborg kemur fram að viðfangsefni og markmið deiliskipulagsvinnunnar sé að skilgreina aðalleiðir

notendahópa um svæðið.

Bæta tengingar göngu- og hjóleiða; meta stígakerfi og mögulega þörf á nýjum stígum og brúm yfir árna. Meta og endurskoða afmörkun hverfisverndarsvæðis og skilgreina í skipulagi. Vinna ítarlega náttúrufarsúttekt, þar með talið kortleggja jarðminjar, lykilstiggerðir, gróðurlendi og búsvæði dýra, einkum fugla. Meta verndargildi náttúruminja og leggja fram tillögur að verndarsvæðum.

Vinna heildstæða fornlífaskýrslu og húsakönnun fyrir dalinn samhliða skipulagsvinnunni. Skilgreina rjóður og áningarstaði. Vinna með Orkuveitunni að ákvörðun um hreinsun ofanvatns úr götum áður en því er hleypt í árna.

Taka saman upplýsingar um veiðistaði og aðgengi að þeim.

Samfelldir hjólastígar

Varðandi hverfisvernd koma nokkrir kostir til greina, helst er stungið upp á að hverfisvernd taki til svæða með herra verndargildi, í þeim valkosti eru svæðin ármegin við stígana mörkin á verndarsvæðinu og allt svæði á milli stíganna.

Gert er ráð fyrir samfelldum hjólastíg upp allan dalinn að sunnan- og vestanverðu og að gerðar verði nýjar göngu- og hjólabrýr á völdum stöðum til að greiða leiðir þvert yfir dalinn.

Reykjavík varð ekki söm

Breiðholtsblaðið er með nokkuð öðrum hætti að þessu sinni. Því veldur það fordæmalausa ástand sem nú gengur yfir heimsbyggðina í kjölfar kórónaveirunnar. Atvinnulíf og raunar allt mannlíf er gengið úr skorðum. Fyrirtæki eru mörg lokuð eða vinna á takmörkunum hraða. Fáir eru á ferli og erfitt að ná til fólks.

Þetta hefur leitt til þess að þurft hefur að sækja á önnur mið í efnisöflun. Að þessu sinni er sótt í þá atburði er urðu til þess að Breiðholtið var til. Ekki sem borgarhverfi þótt það heiti sé jafnan notað. Heldur sem bær í borginni. Afmarkaður bær sem stendur sjálfstætt frá öðrum byggðum.

Árum saman hafði verkalýðsbaráttan verið hörð. Verkföll voru tíð og erfið. Árangur þeirra var lítill sem enginn. Einkum fyrir tilverknað stjórnvalda sem felldu gengi gjaldmiðilsins til þess að ná umsömdum árangri af launþegum.

Með júní samkomulaginu 1964 og júlísamkomulaginu 1965 urðu breytinga í samskiptum launþega og atvinnurekenda. Farið var að telja fleira til kjarabóta en krónutöluhækkunar í launaumslög sem síðan hurfu í dýrtíð.

Umbætur í húsnæðismálum voru eitt af því sem leiddi af kjarasamningum. Húsnæðisskortur hafði verið mikill og viðvarandi á tímum ört vaxandi borgarbyggðar. Bygging Breiðholtsins er enn hálfri öld síðar stærsta áttak sem gert hefur verið í húsnæðismálum.

Fleira leiddi af júní og júlí samningunum. Samskipti aðila á vinnumarkaði og samningagerð urðu með öðrum hætti. Með tímanum tókst að koma böndum á víxlhækkunar kaupgjalds og verðlags. Verðbólguþraugurinn lagðist í dá. Dæmi um breytta samningagerð má nefna þjóðarsáttarsamningana 1990 og nýlega lífskjarasamninga.

Reykjavík var ekki söm eftir þennan tíma. Hvíti miðinn sem Styrmir Gunnarsson ritstjóri bar úr Kópavogi til Reykjavíkur og sagt er frá á öðrum stað í blaðinu hafði varanlega áhrif á borgarlíf, land og þjóð.

Einkarekið apótek í 60 ár

Frábær nýjung fyrir alla lyfjanotendur:

Vefverslun með lyf • Lyfseðlar • Lyfjaverð ofl.



-rétt leið

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



APPÓTEK
GARÐS APÓTEKS

APPÓTEK GARÐS APÓTEKS
er notendavænt vefforrit (app)
fyrir tölvur og farsíma
á vefsíðunni www.appotek.is

Sogavegi 108 • Sími 5680990 • Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar • gardsapotek.is • appotek.is

Garða- og
tómstundakerrur
frá:
155.900 kr.



BRENDERUP GÆÐAKERRUR Í BÍLANAUST

Brenderup kerrur leysa allar tegundir flutninga enda er úrvalið mjög fjölbreytt. Þær eru fyrir löngu búnað að sanna sig við íslenskar aðstæður sem harðgerðar, öruggar og vel smíðaðar kerrur með góða aksturseiginleika. Komdu í Bílanaust og fáðu upplýsingar um Brenderup kerrur.

Tækjakerrur
frá:
1.359.900 kr.



Iðnaðarkerrur
frá:
319.900 kr.



Bílaust
Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

VIÐTALIÐ

Ég var kallaður „eftirlitsmaður“

- segir Eyjólfur Scheving kennari sem vann sumarlangt við snúninga við byggingu Bakkahverfisins í Breiðholti

Miklar framkvæmdir fóru af stað á Breiðholtsjörðinni á síðari hluta sjöunda áratugs liðinnar aldar. Í Breiðholtslandinu hófust framkvæmdir við byggingu nýrrar íbúðabyggðar utan eldri byggða í Reykjavík. Þessar framkvæmdir voru til komnar vegna samkomulags verkalýðshreyfingarinnar og ríkisvaldsins að loknum kjaradeilum sem rekja má aftur til 1961. Þær náðu hápunkti á vormánuðum 1964 og leystust með loforði um miklar húsnæðisbætur ári síðar 1965. Í júní mánuði 1967 var hafist handa við framkvæmdir við Bakkahverfið í Breiðholti sem stundum er kallað Breiðholt I þegar byggðir þar eru aðgreinar í þau þrjú megin svæði sem mynda Breiðholt sem eina heild. Fjöldi manna fengu vinnu við þessar framkvæmdir. Tæknimenn, húsnæðisfróðir og verkamenn. Einn þeirra sem kom til tímabundinna starfa við Breiðholtsframkvæmdirnar var ungur kennari Eyjólfur Scheving. Hvaða hlutverk fékk hann. „Ég var kallaður eftirlitsmaður. Held það hafi verið sagt í einhverju gríni en hlutverk mitt var að vera einskona sendisveinn og einnig að halda utan um ýmsar skráningar sem fylgdu framkvæmdunum.“ Eyjólfur flutti eftir þetta sumar á árdögum Breiðholtsins til Borgarness þar sem hann stundaði kennslustörf um árabil. Í dag býr Eyjólfur í Vesturberginu og hann rölti fúslega yfir götuna út í Gamla kaffihúsið til að rifja þessa tíma upp.

Eyjólfur segir að faðir sinn hafi verið steypustjóri hjá BRÚ sem stóð að byggingaframkvæmdunum. „Ég kynntist því Sigurði Jónssyni sem var framkvæmdastjóri Brúar sem síðar varð Breiðholt. Eflaust má rekja starf mitt í



Eyjólfur Scheving.

Breiðholtinu til þessara kynna. Sigurður, Hafsteinn Baldursson og Friðrik Helgason sem voru múrarameistarar komu að máli við mig um hvort ég vildi taka þetta að mér. Birgir Björnsson handboltahetja úr FH var yfir steypustöðinni. Allt lagðist þetta á eitt með mér. Ég hafði stundað hlaup. Var léttur á mér og gat verið snöggur að skokka á milli staða. Það hefur eflaust einnig orðið til þess að ég var fenginn í þetta. Ég þurfti að fara á milli byggingasvæðanna eða húsgrunnanna bæði til að líta eftir og einnig að skrá ýmsar upplýsingar einkum tölur. Ég var nokkuð góður í stærðfræði þótt hún yrði ekki ein af mínum kennslugreinum á starfsferlinum. Ég hef alltaf verið klaufi til verklegrar vinnu. Það mælti ekki sérlega vel með mér en ég var sæmilega læs og gat skrifað

góða tölustafi. Ég fylgdist með flutningum á milli vinnusvæða. Þurfti að halda utan um verkfæri því stundum vildu verða vanhöld á þeim. Sá um að halda launaseðlum saman og fleira.

Gæta þurfti að allt passaði saman við tilbúnu húsin

Eitt af því sem ég tók þátt í var að flytja tilbúnu húsin sem voru sett upp við Lambastekk og Skriðustekk. Þau komu í pörtum frá Danmörku og voru sett saman á staðnum. Gæta þurfti vel að því að réttir húshlutar röðuðust saman. Að ekki færi gafl af einu húsi á annað. Þetta passaði ekki alveg hvort við annað svo að réttir hlutar urðu að fylgja réttu húsi. Þetta var allt númerað og fylgjast varð vel með númerunum þegar húshlutirnir

voru fluttir. Annars gat farið illa. Björn Emilsson og Guðmundur Einarsson verkfræðingar höfðu umsjón með þessu verki og ég var að fylgjast með. Ég er ekki frá því að þarna hafi heitið „eftirlitsmaður“ orðið til. Vinir mínir hentu gaman af þessu hlutverki mínu en skyldu ef til vill ekki alveg hvernig stóð að því að ég ungur kennarinn var farinn að sinna byggingareftirliti. Að vera „eftirlitsmaður“ með stórtækustu byggingaframkvæmdum sem lagt hafði verið í hér á landi á þeim tíma. Ég held nú frekar að ég hafi verið hlaupastrákur á svæðinu en látum heitið „eftirlitsmaður“ standa.“

Steypuklefar yfir verkalýðinn

Eyjólfur litur til baka. Til þess tíma að hann ungur maður var

Vinir mínir hentu gaman af þessu hlutverki mínu en skyldu ef til vill ekki alveg hvernig stóð að því að ég ungur kennarinn var farinn að sinna byggingareftirliti. Að vera „eftirlitsmaður“ með stórtækustu byggingaframkvæmdum sem lagt hafði verið í hér á landi á þeim tíma. Ég held nú frekar að ég hafi verið hlaupastrákur á svæðinu en látum heitið „eftirlitsmaður“ standa.“

að sendast um byggingasvæðið þar sem Bakkarnir og Stekkirnir í Breiðholti voru að rísa. Til þess tíma að mikil húsnæðisvandráði einkenndu borgarsamfélagið í Reykjavík og til þess tíma að verkalýðshreyfingin og stjórnvöld tóku höndum saman um að vinna á mesta vandanum. Hann segir að lengi hafi menn fylgst með úr fjarlægð hvernig nágrannaþjóðirnar hafi allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar reist háreist íbúðahverfi þar sem aðferðum fjöldaframleiðslu var beitt til þess að vinna á húsnæðisvanda eftirstríðsáranna. „Lengi vel sátu menn hér á landi fastir í handverksaðferðum og hefðbundinni áherslu að menn byggðu yfir sig sjálfir. Þessar áherslur ættaðar úr samfélagi bænda og fiskimanna voru lífseigar með þjóðinni. Það var ekki fyrr en á sjötta áratugnum að menn fóru að horfa í aðrar áttir. Þá voru fyrstu háhýsin í Heimahverfinu

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin



Þessi mynd var tekin í bókunum í Breiðholti á fyrstu árum byggðarinnar. Trúlega upp úr 1970. Þetta fólk er nú komið á miðjan aldur.

byggð. Framkvæmdanevnd byggjaráætlunar varð nokkru síðar brautryðjandi að þessu leiti. Við byggingu Fellahverfisins sem byggt var á eftir Bökkunum voru í fyrsta skipti notaðir byggingakranar sem voru færanlegir á teinum og var rennt með fram byggingunum. Ég man að í Þjóðviljanum í september 1971 birtist mynd af Hannibal Valdimarssyni þáverandi félagsmálaráðherra taka fyrstu skóflustunguna að lengsta íbúðarhúsi landsins sem reisa átti í Fellahverfi í Breiðholti. Guðmundur J. Guðmundsson lengstum kenndur við Dagsbrún sagði síðar í ævisögu sinni að þessi byggingarmáti hafi orðið til vegna sérvisku arkitekta sem hafi langað til að byggja lengsta hús hér á landi. Hvað sem því líður mun einhverju hafa ráðið um þetta að stífar kröfur voru gerðar um að spara í byggingarkostnaði. Með því að fella gafla húsanna saman væri hægt að spara

einangrun. Einhverrar efasemdir gerðu þó vart við sig um þennan byggingarmáta og mátti lesa grein í Þjóðviljanum þar sem fullum efasemdum var lýst og vitnað til neikvæðrar reynslu erlendis af byggja steypuklefa yfir verkalýðinn.“

Skúra- og braggadraslinu útrýmt

Eyjólfur segir að Breiðholti sé að einhverju leyti barns síns tíma. Óvist sé að menn myndu byggja eins í dag. „Einhæfar byggingaaðferðir sem voru notaðar við byggingu hluta Breiðholtsins voru lenska þess tíma. Málið var að framkvæmdir í Breiðholti voru hluti af kjarasamningum og með þeim hafði náðst að skapa frið á vinnumarkaði. Húsnæðisvandinn ýtti líka á. Mikla nauðsyn bar til að útrýma bráðabirgðahúsnæði á borð við Höfðaborgina og herbraggahverfin. Eða eins og



Talsvert snjóaði á vetrum á áttunda áratug liðinnar aldar. Hér er vetrarmynd úr Bökkunum. Á myndinni má sjá hvernig bílafloki landsmanna leit út á þeim tíma. Willys jeppar voru enn á ferð. Rússneskir Moskovitsar á reykvískum bílastæðum. Austur Þýska Trabanta mátti sjá og einnig hinar vinsælu Volkswagenbjöllur. Ford Bronco bílar voru komnir til sögunnar. Broncoinn var fyrsti nútímalegi jeplingurinn sem kom til Íslands.

Guðmundi J. komst að orði í ævisögu sinni var skúra- og braggadraslinu útrýmt. Einfaldlega voru settar jarðýtur á þessi hreysi. Og ekki má gleyma því að húsaleiga í Reykjavík lækkaði. Allt í allt voru byggðar um 6.700 íbúðir í Breiðholti og stór hluti var byggður fyrir tilstilli júlísamkomulagsins. Með þessu átaki tókst líka að tryggja tekjulágu fólki öruggt húsnæði. Þrátt fyrir þetta urðu húsnæðisvandræði ekki úr sögunni. Borgarbúum fjölgaði stöðugt og fjölgar enn og vandi hefur verið að fylgja þeirri þróun eftir á húsnæðismarkaði.“

Dómur sögunnar

Framkvæmdirnar í Breiðholti voru gagnrýndar. Einkum af byggingameisturum og félagasamtökum þeirra. Í

Dagblaðinu og Vísi var bent á að byggingaframkvæmdir í Breiðholti teðu framkvæmdir í Fossvogsdalnum og að iðnaðarmenn flyktust í Breiðholtið. Dómur sögunnar yfir þeim sjónarmiðum var harður. Vissulega töfðust framkvæmdir í Fossvogsdalnum en bygging Breiðholtsins var af hinu góða og opnaði mönnum nýja sýn í húsnæðismálum láglaunafólks í Reykjavík. Ég er ekki viss um að ungt fólk í dag geri sér grein fyrir þessu gríðarlega átaki.“

Aftur að kennslu

En hvað varð um Eyjólf eftir skemmtilega lífsreynslu sem „eftirlitsmaður“ með byggingaframkvæmdum framkvæmdanevndarinnar í Neðra Breiðholti. „Ég fór úr Reykjavík. Ekki fyrir að mér líkaði ekki lífið í

heimabænum. Ég hafði starfað við kennslu á Kjalarnesi og þarna um haustið bauðst mér kennslustarfi í Borgarnesi. Ég hafði ekki ætlað mér að hverfa frá kennslu og fara í byggingaiðnaðinn enda kunnir ég fátt til verka þar nema að líta eftir og skrá það sem þurfti að fara á blað. Ég held að hvorki æskuvinur mínir eða þeir sem ég kynntist á meðan ég dvaldi í Borgarnesi hafi skilið þessa ráðningu mína sem „eftirlitsmanns“ með byggingaframkvæmdum.“

Hefur unnið með ungmennum í erfiðleikum

Sem ungur kennari hafði Eyjólfur aðra sýna á hvernig taka ætti á vanda unglunga sem áttu í erfiðleikum heima fyrir og með sjálfa sig. „Ég var ekki sáttur við þá hugmyndafræði sem var ríkjandi að senda bæri þá eitthvað langt í burtu. Ég hafði alltaf vonda tilfinningu fyrir því. Enda kom margt á daginn þegar farið ar að skoða rekstur unglungaheimila sem sett voru á stofn úti á landi. Margt sem ekki hefði átt að geta gerst. Eftir að ég kom frá Borgarnesi bjuggum við í Kópavogi. Ég fór að taka drengi sem áttu í erfiðleikum heim til mín, drengi sem vísað hafði verið úr skóla. Vildi ekki að þeir lentu á einhverjum heimilum úti á landi. Þeir áttu í ýmsum vandamálum sem sneru að hegðun, samskiptum vímuefnaneyslu, afbrotum og námserfiðleikum. Flestir þessara stráka eru vinir mínir í dag.“

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Ólafur Finnogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Bryndís Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120



Þróstur Þórhallsóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Páll Þórólfsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 780 2700



Hilmar Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 9500



Ragnheiður Pétursdóttir
hdl. og löggiltur
fasteignasali



Harpa Rún Glád
hdl. og löggiltur
fasteignasali

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Malbikað í Breiðholti í sumar



Unnið við malbikun í Reykjavík.

Arnarbakki, Álfabakki, Árskógar, Hjallasel og Hólaberg eru á meðal þeirra gatna sem áformað er að malbika á komandi sumri.

Alls er áætlað að malbika götur fyrir tæpan milljarð í sumar. Bæði er um að ræða malbikun yfirlaga en einnig endurnýjun með fræsingu og malbikun. Vegalengt þar em malbikun er fyrirhuguð er um 20,2 kílómetrar. Að auki verður unnið við hefðbundnar malbiksviðgerðir og er kostnaður við þær áætlaður um 207 milljónir króna. Áætluð upphæð malbikunarframkvæmda 2020 er því alls 991 milljónir króna. Framkvæmdir ársins 2020 eru í samræmi við átakssáttun um endurnýjun á malbiki á götum Reykjavíkur sem hófst árið 2018. Á árunum 2018 til 2022 verður um 6200 milljónum króna varið til endurnýjunar á malbiki í borginni.

Sungjið við Skógabæ

Í mars komu margir úr hópi þekktara söng- og tónlistarmanna saman fyrir utan Hrafnistu Skógabæ í Breiðholti til að syngja fyrir íbúa og starfsfólk á tímum heimsóknarbanns af völdum

COVID-19 sem nú ríður fyrir heimsbyggðina. Íbúar og starfsfólk kom saman á svölum heimilisins til að hlýða á sönginn.



Hópur sönglistarfólks syngur á stígnum fyrir framan Skógabæ.



Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

Fjórir sækja um Ölduselsskóla

Fimm umsækjendur voru um stöðu skólastjóra Ölduselsskóla en einn umsækjandi dró umsókn sína til baka. Umsóknarfrestur rann út 18. apríl.

Umsækjendur eru: Elínrós Benediktsdóttir, Íris Anna Steinarsdóttir, Þórdís Sævarsdóttir og Valgeir Jens Guðmundsson. Elínrós Benediktsdóttir hefur gegnt starfinu frá því á liðnu sumri að Birna Sif Bjarnadóttir skólastjóri féll frá löngu fyrir aldur fram. Elínrós var áður aðstoðarskólastjóri Ölduselsskóla. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst.



Ölduselsskóli í Seljahverfi.

Gledilegt
veidisumar!



Fæst hjá N1 - OLÍÓ og veiðiverslunum

Húsfélagapjónusta

Leiðandi í hagkvæmni og rekstri húsfélaga

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ MÍNAR SÍÐUR
- ✓ Þjónustusaga húss
- ✓ Önnur þjónusta



EIGNAumsjón www.eignausmsjon.is

RECARO

Barnabílastólar í úrvali



SEAT FIX

AIR CIRCULATION SYSTEM

LIGHT WEIGHT

ECE NORM R 44/04

HERO

ISO FIX

ADVANCED ((SIDE)) PROTECTION

3 POINT BELT

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Stærsta verkstæði landsins í næsta nágrenni

Nesdekk Breiðhöfða 13.
Eitt fullkomnasta
hjólbarðaverkstæði landsins.
Tímabantanir á nesdekk.is

Nesdekk Grjóthálsi 10.
Engar tímabantanir.
Þú mætir með bílinn
og ferð í röð.



STÆRÐIN SKIPTIR EKKI MÁLI

Nýja verkstæðið að Breiðhöfða 13 er sérhannað fyrir starfsemina, með tækjabúnaði og aðstöðu til að veita **öllum bílum** fyrsta flokks hjólbarðapjónustu. Þetta glæsilega verkstæði býður m.a. upp á þá nýjung að vera gegnumkeyranlegt fyrir vöruflutningabíla.

Bygging Breiðholtsins

- byggt á skipulagi frá 1962 en framkvæmdir voru afleiðingar kjarasamninga

Árbær og Neðra Breiðholt eru fyrstu raunverulegu úthverfi Reykjavíkurborgar. Hverfi af þessari gerð eru stundum kölluð svefnhverfi því íbúar þeirrar sækja atvinnu að miklu leyti í önnur hverfi eða borgarhluta. Árbær og Neðra Breiðholt eru um margt tímamóta byggðir í Reykjavík. Allt frá því að Reykjavíkurborg tók fyrir alvöru að vaxa var húsnæðisskortur viðvarandi. Ýmis hreysi á borð við skúra gerða úr kassafjöllum til aflagðra herbragga stríðsáranna voru nýtt til íveru í neyðinni. Hvorki borgaryfirvöldum né landsstjórn hafði tekist að leysa úr þessum vanda sem miklar búsetubreytingar á landinu á fjórða áratug liðinnar aldar og síðan hafa leitt af sér.

Á sjötta og einkum sjöunda áratug liðinnar aldar var hafist handa um að leysa úr þessum málu eftir því sem kostur var. Þáverandi borgaryfirvöld töldu það best gert með því að byggja ný borgarhverfi utan þáverandi byggðamarka og miðuðust skipulagshugmyndir meðal annars við byggingu nýrra úthverfa án beinrar tengingar við fyrri borgarkjarna. Árbæjarhverfið var byggt í landi Árbæjar austan við Elliðaárdalinn en Breiðholtið reis á landi jarðarinnar Breiðholts sem þá var nokkru utan byggðamarka og alfaraleiðar. Árið 1962 var arkitektunum Bárði Danielssyni og Stefáni Jónssyni falið það verkefni að gera áætlun um byggðarþróun austan Kópavogus og Elliðaáa í tengslum við nýtt aðalskipulag Reykjavíkur sem unnið var að um þær mundir. Verkefnið var í fyrstu fólgið að skoða landið og afmarka byggðasvæðin og helstu umferðarleiðir. Síðar kom til að skipuleggja nýja bæjarhluta. Með aðalskipulaginu árið 1962 var mótað nýtt umferðarkerfi fyrir Reykjavík þar sem götur voru flokkaðar í hraðbrautir, tengibrautir og húsagötur eins og enn tíðkast. Gert var ráð fyrir byggð á hæðunum en lægðirnar yrðu sem græn lungu innan byggðarinnar. Um lægðirnar er gert ráð fyrir samhangandi göngustíganeti um borgina og upp í útmörkin ofan byggðarinnar.

13% kauphækkun – 13% gengisfelling

Eflaust hefur engum komið til hugar á þessum tíma að byggingaframkvæmdir yrðu jafn skjótar og miklar á skömmum tíma og varð. En þá koma aðrir atburðir til sögunnar. Á árinu 1961 var blásið til verkfalls sem endaði eftir mikil átök með 13% launahækkun. Í kjölfarið felldi ríkisstjórn landsins gengi krónunnar um 13%. Fljótt varð ljóst að allir höfðu tapað á þessum aðgerðum og verðbólgan hélt áfram. Um haustið 1963 urðu aftur miklar kjaradeilur í landinu. Fljótt varð ljóst að þær myndi ekki leysast án aðkomu ríkisvaldsins. Þann 9. nóvember það ár náði Ólafur Thors þáverandi forsætisráðherra samkomulagi við verkalyðshreyfinguna sem Hannibal Valdimarsson var þá í forystu fyrir. Undir hans forystu náði hreyfingin að skipuleggja eina samninganefnd og koma fram sem einn samningsaðili vorið og sumarið 1964.

Hvíti miðinn

Styrmir Gunnarsson fyrrverandi ritstjóri greindi frá því í viðtali í þættinum Lífið er lag sem sýndur var á Sjónvarpsstöðinni Hringbraut hvernig upphaf Breiðholtsins

kom til. Styrmir átti sem ungur maður í nánú sambandi við Bjarna Benediktsson eldri sem þá var orðinn forsætisráðherra eftir fráfall Ólafs Thors. Lýsti Styrmir því hvernig hann hafi stundum verið sendisveinn á milli tengdaföður síns, Finnboga Rúts Valdimarssonar bróður Hannibals Valdimarssonar og Bjarna Benediktssonar. Gefum Styrmir orðið „Mér er það mjög minnstætt að Rútur bað mig um að fara með hvítan miða til Bjarna og sýna honum og sjá hvað hann segði um hann. Á þessum miða voru tillögur Rúts og Guðmundar Joð. hjá Dagsbrún um byggingu 1250 íbúða fyrir láglaunafólk í Breiðholti sem yrðu hluti að kjarasamningum sem þá voru framundan. Ég man að Bjarni las þennan miða og hann sagði við mig: „Segðu honum að þetta geti vel komið til greina.“ Það varð niðurstaðan. Verkinu var ýtt úr vör og þannig urðu þessar 1250 íbúðir til.“

Sænsk hugmyndafræði

Upphaf Breiðholtsins má því að verulegu leyti rekja til kjarabaráttu launþegahreyfingarinnar og júní samkomulagsins svonefnda sumarið 1964. Þessari kjaradeilu lauk með því að ekki var fallist á neinar launahækkningar en fyrirheit gefin um úrbætur fyrir hina lægst launuðu til dæmis með uppbyggingu í húsnæðismálum. Flestum mátti vera ljóst að samningar og yfirlýsing ríkisstjórnar á árinu 1964 gat verið forsmekkur að því sem koma skyldi. Árið eftir vorið 1965 gengu samningaviðræðurnar eins og oft erfiðlega fyrir sig. Þrjár nefndir voru skipaðar til viðræðna milli ríkisstjórnarinnar, verkalyðshreyfingarinnar og atvinnurekenda. Einna best mun hafa gengið í húsnæðisnefndinni. Þar komu við sögu bæði Bjarni Benediktsson og Finnbogi Rútur Valdimarsson. Hugmynd Rútur Valdimarsson var að eitt þúsund íbúðir yrðu byggðar. Hugmyndin var að einhverju leyti sött til Svíþjóðar – til hugmyndafræði sem nefndist Miljöprogrammet á sænsku. Þessi mál enduðu með að byggðar voru 1.250 íbúðir til handa félagsmönnum í verkalyðshreyfingunni. Rúmar eitt þúsund íbúðir voru byggðar fyrir tilstilli ríkisvaldsins og um það bil 250 byggðar af Reykjavíkurborg. Á bilinu fjögur til sex þúsund manns skyldu fá þak yfir höfuðið. Þar með var lagður var grunnur að Breiðholtinu. Í Breiðholti voru 1.786 íbúðir reistar með opinberum stuðningi eða 23,4% af heildarfjölda íbúða þar. Þó að flestir væru sammála því að húsnæðisvandi láglaunafólks væri verkefni sem hið opinbera ætti að leysa þá spunnust miklar deilur á síðum dagblaða og náðu jafnvel inni á Alþingi. Sumum fannst gengið á rétteinkaframtaksins.

Þrjú sjálfstæð hverfi

Oftast er talað um Breiðholtið sem eina heild. Skipulagi byggðarinnar er þó þannig hattað að um þrjú sjálfstæð hverfi að ræða. Neðra Breiðholt eða Bakkana. Seljahverfið og Efra Breiðholtið. Hverfi liggja ekki hvort upp að öðru og eru að mörgu leyti sjálfstæðar og um sumt ólíkar byggðaeiningar. Breiðholtið sem heild var þegar árið 1999 orðin fjölmennasta byggð Reykjavíkurborgar með 22.030 íbúa sem bjuggu í 7.611 íbúðum. Alls voru 5.317 íbúðir í fjölbýli í Breiðholti. Um 18% af



Breiðholtskjör var verslun við Arnarbakka. Skipulag Breiðholts gerði ráð fyrir þjónustu í íbúðahverfum og að fólk ætti ekki að þurfa að fara langar leiðir til þess að sinna daglegum innkaupum. Mjóddin var síðan hugsuð sem verslanamiðstöð fyrir byggðina.



Hér má sjá unga menn við byggingavinnu á árdögum Breiðholtsins.

íbúðarhúsnæði í borginni var í Breiðholti árið 1999.

Margvísleg áhrif

Margvísleg áhrif urðu af kjarasamningunum 1964 og 1965. Með þeim var leystur umtalsverður húsnæðisvandi. Ekki eingöngu þeirra lægstlaunuðu heldur margra fleiri. Með byggingu Breiðholtsins jókst framboð af lóðum umtalsvert en lóðaskortur hafði hamlað uppbyggingu Reykjavíkur um áratuga skeið. Ekki má heldur vanmeta áhrif þessara samninga á samskipti verkalyðshreyfingarinnar og atvinnurekenda. Svonefndir félagsmálapakkar urðu algengur fylgifiskur kjarasamninga þar sem meðal annars var samið um margvíslegar umbætur í húsnæðismálum. Segja má að þessir kjarasamningar

hafi verið undanfari þjóðarsáttarsamninganna 2. febrúar árið 1990 og þess að unnt reyndist að ráða niðurlögum verðbólgunnar sem lengi hafði gegnsýrt efnahagslíf hér á landi. Einnig má geta nýlegra kjarasamninga sem kenndir hafa verið við lífskjör og nefndir lífskjarasamningar. Áhrif þessara samninga náðu fljótt út fyrir höfuðborgina þar sem víðar farið var að huga að umbótum í húsnæðismálum. Því má segja að hvíti miðinn sem Styrmir Gunnarsson bar úr Kópavogi til Reykjavíkur forðum hafi valdið þróun sem engan gat órað fyrir.

Bimmi-rimmi-rimm-bamm

Til gaman má geta að skemmtikraftar nýttu sér þessa atburði. Hinn kunnni fréttamaður og skemmtikraftur til margra ára



Við byggingu Breiðholtsins var gert ráð fyrir margvíslegri þjónustu í byggðinni. Þar á meðal var framhaldsskóli. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti reis í beinu framhaldi af byggingaframkvæmdum. Skólinn vakti strax athygli fyrir nútímalegt snið og starfshætti. Fyrsti skólameistari var Guðmundur Sveinsson. Hann var ótraudur að feta leið nýrra tíma í skólastarfinu. Skólinn var meðal annars þekktur fyrir fjölbreyttar námsleiðir og áfangakerfi.

Ómar Ragnarsson söng eftirfarandi texta fyrir þjóðina og lék Eðvarð Sigurðsson formann Dagsbrúnar og Bjarna Benediktsson forsætisráðherra á sinn hátt.

Hver er að berja?,
Bimbi-rimmbi-rimm-bamm.
Það er hann Eðvarð,
bimbi-rimmbi-rimm-bamm.
Hvern vill hann finna?
Bimbi-rimmbi-rimm-bamm.
Elskulegan Bjarna sinn,
bimbi-rimmbi-rimm-bamm.
Hvað fær hann honum?,
bimbi-rimmbi-rimm-bamm.
Leysa kjaradeiluna,
bimbi-rimmbi-rimm-bamm.
Hvað fær hann að launum?,
bimbi-rimmbi-rimm-bamm.
Annað júnísamkomulag,
bimbi-rimmbi-rimm-bamm.
Allt í lagi, all-right,
bimbi-rimmbi-rimm-bamm.



Aukin þjónusta við eldri borgara

Í ljósi aðstæðna bjóðum við eldri borgurum, sem ekki hafa tök á að nýta sér Íslandsbankaappið eða netbanka, að hringja í okkur í **sérstakt símanúmer 440-3737** fyrir alla helstu bankaþjónustu.

Góð þjónusta breytir öllu



Tekið á móti garða- úrgangi á þremur nýjum stöðum

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur ákveðið að bjóða upp á móttöku garðaúrgangs frá íbúum borgarinnar nú í vor. Þessi þjónusta verður í boði á þremur stöðum í borginni. Með garðaúrgangi er átt við trjágreinar og trjáafklippur en ekki jarðveg. Jarðveg verður að skila á endurvinnslustöð Sorpu.

Staðirnir þrjú eru ný hverfastöð borgarinnar við Fiskislóð 37c, Sævarhöfði 33 þar sem gamla sementsstöðin var til húsa og hverfastöðin á Kjalarnesi við Vallargrund 116.

Þjónustan er hafin á Fiskislóð en fer í gang á Sævarhöfða og Kjalarnesi frá og með næstkomandi föstudegi, 24. apríl og verður í boði til 16. maí. Opnunartímar á Fiskislóð og Sævarhöfða verða í samræmi við opnunartíma endurvinnslustöðva Sorpu.

Fiskislóð:	Alla daga frá 11.30-19.
Sævarhöfði:	Alla daga frá 11.30-19.
Kjalarnes:	Virka daga 07.30-17 og 14 til 18 um helgar.

Þetta er sérstök ráðstöfun í ljósi aðstæðna í samfélaginu til að létta undir með endurvinnslustöðvum Sorpu en þar hafa myndast langar raðir að undanfögnu. Reynsla síðustu daga á Fiskislóð hefur verið góð og hefur fólk lýst ánægju sinni með framtakið. Vonandi geta sem flestir nýtt sér þessa þjónustu við tiltekt í garðinum þetta vorið.

Betra Breiðholt

Umræður um reiðhjólafólk

Nokkrar umræður hafa spunnist á facebooksíðu Betra Breiðholts um reiðhjólafólk. Þykir sumum það vera frekt til fjörsins á stígum borgarinnar og hjóla af miklum krafti og hraða. Nánast nota stígana eins og æfingabrautir.

Tinna María Magnúsdóttir skrifaði nýlega á síðuna. "Hrikalega getur reiðhjólafólk verið dónalegt og eigingjarnt varðandi göngustígana. Var nýlega að labba í Breiðholtinu rétt hinu megin við Garðheima. Tek það fram að stígurinn sé ekki bara ætlaður reiðhjólafólki. Labba þennan stíg daglega og veit af hjólafólkinu þar enda toga ég hundinn minn til mín þegar ég verð var við hjól. Umferðin kemur oftast að aftan að mér og kíkí ég reglulega en ég greinilega kíkí ekki á tveggja mínútu fresti sem er skiljanlegt. Kemur reiðhjólamaður á svörtu hjóli og í svörtum fötum á fleygiferð og hundurinn minn er rétt úti í graskanti og ég á stígnum. Engin reiðhjólaljalla engin aðvörun. Ég rétt næ að toga hundinn minn til mín sem er drullu hræddur og maðurinn spyr mig hvort það sé ekki í lagi með mig. Ég á bara ekki orð yfir dónaskapnum. Göngustígurinn tilheyrir okkur öllum en ekki bara þér."

Hrönn Jónsdóttir skrifar af þessu tilefni. "Ég sjálf er reiðhjólamaðneskja og ætla ekki að réttlæta hegðun fyrrnefnda. Sjálf tel ég að þeir sem sýna tillitssemi séu betri í sportinu því þá munar ekki um það að hægja ferðina til að auka hana aftur. Ég verð samt að viðurkenna að það er oft erfitt að spotta út þegar fólk er með smá hunda í taumi ef hundurinn er að kanna aðstæður. Hundurinn sést kannski ekki fyrir umhverfinu og taumurinn afar finn og sést ekki fyrr en maður er komin frekar nálægt. Varðandi



Þessar konur eru tæpast í liði með því fólki sem kvartað er undan. Þær eru að nýta sér reiðhjólíð sem ferðamáta. Gætu verið að koma úr búðarferð. Fólk sem veldur vanda á göngu- og hjólastígunum er það sem virðist nota þá til æfinga. Hjólar oft á sérbúnum hjólum og klætt í sérstaka hjólreiðabúninga.

Þjölluna að þá er fólk oftast en ekki með eitthvað í eyrunum og heyrir ekki þegar maður reynir að láta vita af sér. Það er lítið sem hægt er að gera í því. En allavega, það eru ekki allir hjólreiðamenn asnar eins og allt fólk er ekki asnar."

Sigurgyða Þrastardóttir bætir um og segir. "Ég kalla þau alltaf hjól-REIÐA- fólkið. Þau eru alltaf að hjóla eins og þau séu að flýja land."

SmíðaVik

GÓDIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri,
bæta þéttingu glugga og hurða,
lagfæra glugga og hurðir
eða skipta því út fyrir nýju
erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is
sími 898-0503
Guðlaugur



NOON
HÁRSTOFA

5 6 7 2 0 7 7 HÓLMASELI 2, 1 0 9 RVK

Gerðu góðverk í dag

907 2002



Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

ER PLANIÐ SKÍTUGT?



GÖTUSÓPUN
ÞVOTTUR
MÁLUN

Fáðu tilboð í s: 577 5757
www.gamafelagid.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Velkomin í FB



Lokainnritun 10. bekkinga fer fram 6. maí til 10. júní
Lokainnritun eldri nemenda fer fram 6. apríl til 31. maí

- Fata-og textílabraut
- Náttúruvísindabraut
- Myndlistarbraut
- Opin braut
- Nýsköpunarbraut
- Tölvubraut
- Félagsvísindabraut
- Húsasmiðabraut
- Framhaldsskólabraut
- Rafvirkjabraut
- Hugvísindabraut
- Sjúkrliðabraut
- Íþróttabraut
- Snyrtibraut

Frekari upplýsingar veitir Berglind Halla Jónsdóttir, áfangastjóri, bhj@fb.is



@fbskoli



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Þroski og hagvöxtur

Oftar en ekki er venja að varðveita vel fyrstu orð barnsins og flokka sem dýrmæta eðalsteina. Orðið er skráð, dagsett, staðsett og varðveitt. Fyrsta orðið er oftast tilkomið vegna áhuga nærumhverfisins að leiðbeina með endurtekningum og hvetja barnið áfram í gegnum leik að herma eftir orðum. Smám saman myndast orðin og smám saman skýrast þau hvert af öðru. Nán tilfinningatengsl við barnið skiptir hér máli þegar um máltöku barns er ræða og samvera eru afgerandi þættir. Vöxtur taugatenginga í heila barnsins kemur m.a. til vegna örvunar frá nærumhverfinu. Að nema hljóð og heiti orða vex svo fram með almennum þroska. Að endingu fæðist talað orð þegar taugaþroski hefur náð málþroska í tíma.

Barnið skynjar áhrifin sem orðin gefa, þrífast á athygli og hvatningunni. Barnið er þannig ekki bara að læra að segja orð heldur einnig skilning á hugtökum. Þegar máltaka er hafin myndast samfella í máli og skilningur, barnið er á aldrinum eins til tveggja ára.

Öryggi og streitulaust umhverfi, tími og góð tilfinningatengsl við

foreldri (a) er í grundvallatriðum undirstaða vaxtar og þroska og það umhverfi sem börn þrífst best í og dafna.

Ef öryggi barna er ógnað með ýmsu sem þau ekki hafa þroska eða getu til að skilja sökum aldurs o.fl. er hætta á að þau geti borið tilfinningamein af ólíkum toga inn í lífið.

Ekki er það nýtt að heyra og lesa fyrirsagnir fjölmiðla að kapp sé lagt á velferð og samfélagsþróun. Líklega lifum við í dag einna bestu tíma hvað snertir aðgengi að upplýsingum og hraður vöxtur í tækniþróun.

Á sama tíma hafa líklega sjaldan verið eins mörg börn sem líður illa vegna kvíða og dapurleika eða eru að glíma við önnur erfið tilfinningaleg vandamál. Þetta á ekki aðeins við hér á landi heldur virðist lík þróun eiga sér stað í öðrum löndum.

Grunnskólanum er hlutfallslega úthlutað mestu fjármagni af öllum skólastigum í landinu.

Hvað má mögulega skýra að sum börn eða nær þriðjungur drengja og fimmtungur stúlkna eiga í erfiðleikum með að lesa sér til gagns og skilnings eftir að 10 ára grunnskólagöngu er lokið?

Metnaðarfullir skólar leggja starf sitt í að skila börnum með gott veganesti yfir á næsta skólastig. Megin verkfærið er almennur les- og hugtakaskilningur á móðurmálinu og áunnin færni til sjálfsstæðra vinnubragða sem og góð sjálfmynd.

Undir lok síðasta árs birtist samanburðar á könnun á námsgetu íslenskra barna við jafnaldra víðsvegar um heiminn en aðallega börn á norðurlöndum.

Samanburðurinn leiddi í ljós að íslensk börn standa sig ekki jafnvel í lestrarfærni, í hugtökum og skilning á efnistöku í texta, og jafnaldrar á norðurlöndum.

Efling samveru er aukinn daglegur tími fjölskyldunnar að loknum vinnudegi. Tíminn gefur tækifæri til að fylgjast með námi og líðan barna sem skapar öryggis tilfinningu, nærveru og eflir tengsl barna og ungmenna við uppeldur.

Fjölskyldan er einn af hornsteinum hagkerfisins. Tryggar stoðir í samfélaginu er gott fyrir hagkerfið.

Vinnudagurinn er langur hér á landi og dvalartímar barna og foreldra utan heimilis einnig. Stytting vinnudagsins ætti



Heilsugæslan í Efra Breiðholti.

að vera hagsmunamál fyrir samfélagið ekki síst fyrir ungar barnafjölskyldur og uppeldur.

Um ármót vakti athygli mína blaðagrein þar sem þekktir íslendingar voru spurðir um merkar stundir á árinu. Þar segir afi frá athyglisverðri samveru sinni með sex ára gömlu barnabarni. Á göngu, á heimleið úr skólanum er spáð í það sem fyrir augu ber, hvað heitir þetta og hitt eða hvernig er það stafað. Allt þetta séð með augum barnsins. Heima halda þeir samtalinu áfram nú um risaöldurnar.

Nám og þekking byggir upp hagkerfi framtíðarinnar. Orðin sem við lærðum í upphafi máltöku, almennur hugtakaskilningur og lestrarfærni verður smám saman að gjaldeyrir í samanburði þjóða á milli.

Öll börn á öllum aldri eiga rétt á því að búa við fjárhagslegt öryggi, vernd, vellíðan, sjálfsátt, hvatningu frá nærumhverfinu sem og tilfinningalegt jafnvægi í daglegu starfi við nám og leik.

*Elín Elísabet Halldórsdóttir
Sálfræðingur.
Heilsugæslunni í Efra Breiðholti.*

**ALLTAF FULLT BORD
AF FERSKUM FISKI
OG FISKRÉTTUM**

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ  HÓLMGEIRS
MIÓDD

 **ÁFRAM ÍR**

Pípulagnir

Endurnýjun lagna,
inntaksgrindur,
hreinlætistæki
og ofnaskipti.

Sími: 844 8200

Hjá okkur starfa starfsmenn með áralanga reynslu af bílasprautun og bílaréttingum.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði.

Við notum hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhverfisvæn og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er búið fullkomnustu tækjum sem völ er á í faginu svo sem Autorobot réttngabekk með öllum þeim mælitækjum sem til þarf til viðgerðar á bíl eftir tjón.

Herkules lyftur og Omia sprautuklefi sem er einn sá fullkomnasti á landinu.

Við sprautun á bílum er notast við hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhverfisvæn vatnslökk og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði. Verkstæðið þjónustar allar bíltegundir.

B&T
RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070

Skemmuvegi 44m · Kópavogi · www.bilarogtjon.is

 Þegar kemur að vandaðri vinnu

Ágústa Unnur Gunnarsdóttir ræddi við Sigrúnu Klöru Sævarsdóttur sjúkraliðanema í FB

Í hálfgerðu dái milli vakta þegar álagið var mest

Undanfarið ár hefur Sigrún Klara unnið með námi sínu á smitsjúkdómadeild Landsspítalans A7. Vegna COVID-19 ástandsins hefur hún lært óvenju margt undanfarið og tekist að sameina nám og vinnu.

Öryggi á smitsjúkdómadeild

„Þegar ég mæti á vakt er búið að skipta okkur niður á svæði. Það er alltaf einn hjúkrunarfræðingur og einn sjúkraliði í teymi sem hjálpast að við að hjúkra sjúklingum. Vaktin byrjar á stöðumati, þá er okkur sagt hvað er nýtt að fréttu og við lesum okkur til um sjúklingahópinn okkar. Við skiptumst á að vera inni á deildinni í einn og hálfan tíma í senn. Deildin er lokuð og við þurfum alltaf að vera í búningum inni á deild. Maður klæðist plastgalla, lambúshettu eða húfu með maska og hlífðargleraugu og auðvitað í hönskum. Þar sem búningarnir eru afar óþægilegir og meiða hef ég þurft að plástra enni og nef til að forðast mar. Við verðum að klæðast tvöföldum hönskum því það eyðileggur plastið í hönskunum að spritta þá og þá verja þeir mann ekki lengur gegn veirunni.“

Besta ákvörðunin

Sigrún Klara segir að það að vinna á smitsjúkdómadeild sé besta ákvörðun sem hún hefur tekið á sínum ferli. „Ég læri svo margt á hverjum degi og tel mig hafa góðan skilning á smitvörnum. Ég hef unnið á deildinni í ár og það er alltaf jafn gaman að mæta til vinnu. Það er einstök upplifun að fá að taka þátt í þessu stóra verkefni og það magnaða er að maður er aldrei hræddur í vinnunni um að smitast. Á smitsjúkdómadeild veistu að hverju þú gengur, þú veist hvaða svæði eru hrein og hver ekki, það eru meiri líkur á því að smitast út í búð en að mæta til vinnu.“

Heilbrigðisstarfsfólk mikilvægt samfélaginu

Sigrún Klara hefur öðlast mikla og dýrmæta reynslu. „Mér finnst ég vera að upplifa hápunkt ferils míns áður en ég útskrifast sem sjúkraliði sem ég veit að gerist ekki oft. Ég finn fyrir því hvað fólkíð í samfélaginu virðir heilbrigðisstarfsfólk meira en áður og er farið að fatta hvað við erum gríðarlega mikilvæg. Þetta er samt búið að taka verulega á, allt álagið sem er á heilbrigðisstarfsfólki er gríðarlegt. Ég leyfi mér að tala um heilbrigðisstarfsfólk sem óeingjarnasta fólk samfélagsins. Framlínustarfsmenn fórna sér fyrir samfélagið og vinna við aðstæður sem flestir geta ekki hugsað sér að vinna við“

Þakklát kennurum FB

Vegna samkomubanns hafa framhaldsskólar verið lokaðir undanfarnar vikur og kennsla farið fram í gegnum fjarkennslubúnað en með dugnaði og skipulagningu hefur Sigrúnu Klöru tekist að sameina nám og vinnu. „Ég er einungis tvítug og mér datt ekki annað í hug en að hjálpa eins mikið og ég mögulega

gat, þrátt fyrir að vera að stefna á útskrift í vor og í 7 áföngum í skólanum vann ég alla daga og var bara í hálfgerðu dái á milli vakta þegar álagið var sem mest.

Ég er mjög heppin að eiga gott bakland og þökk sé rosalega skilningsríkum og góðum kennurum í FB hefur þetta tekist eins og í góðri lygasögu.



Sigrún Klara Sævarsdóttir sjúkraliðanema í FB

SS MENNGUN
SS HÁVAÐI
SS SLIT

TÖKUM
NAGLADEKKIN
ÚR UMFERÐ
15. APRÍL

Reykjavíkurborg

Sjá nánar: www.reykjavik.is/thjonusta/tokum-nagladekkin-ur-umferd

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Hvetjum krakkana okkar og höfum eftirlit eftir 4. maí

Nú þegar er tekið að vora og slakað verður á samkomubanni að hluta til eftir 4. maí er samtali foreldra og barna mjög mikilvægt. Eftir óvenju langt tímabil þar sem börn og margir foreldrar hafa varið meiri tíma heima við en oftast áður er um að gera að halda samverunni og samtalinu áfram í sem mestum mæli.



Eftir langt hlé frá íþrótt- og frístundaiðkun vegna samkomubansins getur verið erfitt fyrir sum börn að koma sér af stað aftur. Tölum saman, gerum hluti saman, tókum þátt og styðjum krakkana okkar í öllu sem viðkemur skólanum, íþróttum og uppbyggilegum frístundum. Skólinn tekur til starfa með eðlilegum hætti 4. maí og sama má segja um flest íþrótt- og frístundastarf fyrir börn á grunnskólaaldri. Aflið upplýsinga um hvenær og með hvaða hætti íþrótt- og frístundastarfið sem barnið þitt var þátttakandi í hefst á ný og hvetjið ykkar barn til að klára vorönnina með glæsibrag. Finnum svo út hvaða sumarnámskeið eru í boði og hvað af þeim gæti verið áhugavert fyrir þitt barn á taka þátt í. Þá þarf að taka afstöðu til þess hvort unglíngarnir sækja um vinnu hjá einkaaðilum eða vinnuskólann. Að læra að sækja vinnu og læra vinnubrögð við hin ýmsu störf er mjög þroskandi fyrir unglíngana fyrir utan það að afla tekna. Um leið og við hvetjum börnin okkar til dáða í skóla, íþróttum og frístundundum eða vinnu þurfum við að hafa virkt eftirlit og leiðbeiningu í gangi til að koma í veg fyrir óæskilega hegðun s.s. eftirlitlausu party eða óæskilega hópasafnanir. Sem þjóð höfum við Íslendingar sýnt einstakan samtakamátt og árangur á heimsmeilivörðum með því að virða reglur og leiðbeiningar sem okkar frábæra framlínufólk hefur sett okkur. Höldum áfram á sömu braut og verum fyrirmyndir barna okkar við að virða almennar reglur samfélagsins, reglur Almannaþingarinnar um Covid 19 og almennar útisvistarreglur. Gleðilegt sumar.



Þráinn Hafsteinsson.

Þráinn Hafsteinsson
Verkefnastjóri frístunda og félagsauðs
Þjónustumiðstöð Breiðholts



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Getraunarnr. 111 www.leiknir.com
Leiknir var stofnað 1973 Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Viktor Freyr og Róbert áfram með Leikni

Markvörður Leiknis Viktor Freyr Sigurðsson hefur skrifað undir nýjan samning við Leikni út 2022.

Þessi 19 ára spennandi leikmaður gekk upp úr 2. flokki í haust og hefur varið mark Leiknis í vetur. Á heimasíðu Leiknis segir mikið gleðiefni að tryggja áframhaldandi veru þessa toppdrengrs í Stolti Breiðholts. Þá má geta þess að Róbert Vattnes, 18 ára, hefur spilað sjö leiki með meistaraflokki í vetur og staðið sig með miklum sóma. Á heimasíðunni segir að spennandi verði að fylgjast með Robba í Leiknistreyjunni um ókomin ár.



Viktor Freyr.



Róbert Vattnes.

www.leiknir.com

Sjálfbóðaliðarnir algjörlega ómetanlegir ÍR-ingar

Allt frá því að Íþróttafélag Reykjavíkur var stofnað fyrir rétt rúmum 113 árum síðan hefur starf þess verið rekið áfram af sjálfbóðaliðum úr öllum áttum. Íslensk íþróttahreyfing hefur alla tíð treyst á að öflugt félagsfólk sinni störfum innan félaganna svo að halda megi úti æskulýðs- og íþróttastarfi fyrir alla íbúa þessa lands.

ÍR-ingar hafa verið leiðandi í sínum sjálfbóðaliðastörfum enda er félagið stórt og fjölmennt með margar mismunandi íþróttagreinar innan sinna raða.

Sjálfbóðaliðar eru margir og sinna þeir mismunandi störfum fyrir félagið allt frá því að grilla, selja miða eða sitja í stjórnun og ráðum. Þrátt fyrir að hlutverkin séu ólík þá eru allir sjálfbóðaliðar jafn mikilvægir fyrir starfsemi félagsins.

Rut Þórisdóttir er ein þeirra sem gengt hefur margvíslegum sjálfbóðastörfum fyrir knattspyrnudeild en hún hefur alið upp þrjú börn í fótboltanum: „Ég hef verið í miðasölunni fyrir leiki meistaraflokks karla síðustu sumur. Þar áður var ég í sjöppunni á leikjum og svo fararstjóri á fótboltaflokki krakkanna. Tvisvar í Eyjum og einu sinni fórum við til Barcelona.“ Aðspurð hverjir væru helstu kostir þess að vera sjálfbóðaliði sagði Rut: „Það er mjög gaman að taka þátt og fylgja krökkunum sínum eftir með því að gerast sjálfbóðaliði. Svo kynnist maður fullt af öðrum foreldrum og börnum líka.“

Sterk tengsl við ÍR

Sigrún Inga Kristinsdóttir er ein ómetanlegu sjálfbóðaliðunum sem skíðadeildin hefur getað reitt sig á í gegnum tíðina: „Tengsl fjölskyldu minnar hafa alla tíð verið sterk við ÍR og þá sérstaklega við skíðadeildina. Ég byrjaði að sinna sjálfbóðavinnu fyrir félagið þegar börnin mín fóru að æfa skíði fyrir rúmlega 20 árum en áður hafði ég æft með félaginu og starfað sem þjálfari. Fyrst fólust störf mín aðallega í aðstoð við þjálfun og mótahald. Síðustu ár hef ég tekið að mér sífellt fleiri verk fyrir deildina sem varaformaður hennar og setið sem fulltrúi félagsins í Skíðaráði Reykjavíkur. Það eru ótal störf sem þarf að sinna svo hægt sé að reka metnaðarfullt starf eins og ÍR hefur lagt sig fram við að gera. Því er ekki að neita að stundum er þetta virkilega krefjandi og tímafrekt en alltaf skemmtilegt og gefandi. Þess vegna er svo mikilvægt að sem flestir komi að starfinu til að dreifa vinnunni.“ Sigrún nefnir enn fremur: „Sá misskilningur er algengur að fólk þurfi að vera öllum hnútum kunnugt til að geta orðið að gagni sem sjálfbóðaliði en stundum getur það bara verið mjög gott að fá einhvern inn í starfið sem hefur ekkert vit á íþróttinni til að sinna þeim ótal störfum sem lúta að rekstri deildanna og skipulagningu. Í gegnum starfið hafa myndast órjúfanleg vináttubönd við félagið sem eiga það sameiginlegt að hafa áhuga á nánast öllu sem viðkemur útivist og hreyfingu.“

Hef gengið í flest verk

Steinar Þór Guðjónsson hefur starfað um árabíl fyrir körfuknattleiksdeild félagsins og má með sanni segja að verkefnið hafi verið mjög fjölbreytt: „Ég hef

Ert þú hinn fullkomni ÍR-sjálfbóðaliði?

Veldu lit

Hvítur (1 stig)
 Blár (2 stig)
 Hvítur og blár (3 stig)

Upphaldsstaður í Reykjavík

Efra Breiðholt (2 stig)
 Neðra Breiðholt (2 stig)

Hvað gerir þú í frítíma þínum?

Stunda íþróttir með ÍR (2 stig)
 Horfi á íþróttir, þá helst ÍR (1 stig)
 Þjálfá íþróttir hjá ÍR (3 stig)

4 - 6 stig: Þú ert sannur ÍR-ingur og hinn fullkomni sjálfbóðaliði!
Þú elskar að gefa af þér og leggja þitt af mörkum. Svartaðu köllun þinni og skráðu þig á ir.is.

7 - 8 stig: Hjartað þitt er blátt og hvítt og þú ert fædd/ur í hlutverk sjálfbóðaliða! Þú hefur hæfileika sem nýtast svo vel. Svartaðu köllun þinni og skráðu þig á ir.is.

Persónuleikapróf sem ÍR hefur látið hanna í telfni þess að lýst er eftir sjálfbóðaliðum.

sinnt hinum ýmsu störfum fyrir körfuboltadeildina og komið að flestum verkefnum stjórnarinnar nema gjaldkeranum. Ég hóf störfin á því að vinna í sjöppunni á yngri árum en byrjaði svo í stjórn fyrir um sex eða sjö árum ef ég man rétt. Eftir það hef ég gengið í flest verk sem þarf að sinna, allt frá því að smyrja samlokur, búa um rúmin fyrir erlendu leikmennina, dæma á yngri-flokka mótum og semja við nýja leikmenn. Svo hef ég hjálpað til við að skipuleggja úrslitakeppnisleikina sem er eins og að skipuleggja litla útihátíð nokkrum sinnum í viklu! Aðspurður hvað sé skemmtilegast við að vera sjálfbóðaliði segir Steinar: „Það skemmtilegasta við að vera sjálfbóðaliði er að sjá liðinu ganga vel og sjá að vinnan sem maður hefur lagt til sé að skila árangri. Svo er líka mjög gaman að mæta á útileiki því þá þarf maður ekki að hafa áhyggjur af umgjörð leiksins. Það sem stendur helst upp úr eftir að hafa fylgst með liðinu dafna ár eftir ár er úrslitakeppnin í fyrri. Það geta flestir verið sammála um að hún hafi ekki verið fyrir hjartveika þar sem strákarnir spiluðu þrjár seríur sem allar enduðu með oddaleik. Svo má ekki gleyma þegar mér áskotnaðist sá heidur að fá silfurmerki ÍR sem viðurkenningu fyrir sjálfbóðaliðastörfi í þágu félagsins.“

Ljóst er að allir sem vilja ættu ekki að eiga í vandræðum með að finna verkefni við sitt hæfi hjá Íþróttafélagi Reykjavíkur. Hægt er að hafa samband við starfsfólk skrifstofunnar eða stjórnarmeðlimi deildanna ef áhugi er fyrir því að leggja fram hjálparhönd. Enn fremur er hægt að skrá sig til leiks inni á heimasíðu félagsins www.ir.is.

Áfram ÍR!

Ísleifur Gissurarson – Íþróttastjóri ÍR

Líf í ÍR-húsum þrátt fyrir samkomubann

- Frá og með 4. maí má æfa utandyra

Þó svo að allt íþróttastarf hafi verið í lamasessi hjá ÍR sem og öðrum félögum seinustu vikur þá hafa húsnaði ÍR-ingar fengið að njóta þess með öðrum hætti en venjulega.

Um leið og skellt var í lás um miðjan mars hófust margvíslegar framkvæmdir og fegrunaraðgerðir í húsakynnum félagsins. Sem betur fer eru samkomubönn sem þessi ekki algeng og því skapast sjaldan jafn góð tækifæri til að þrifa, mála og stússast í húsum sem alla jafna eru full af kappsmiklu íþróttafólki allan ársins hring.

„Við ákváðum að ráðast í nokkra hluti sem legið

hefur á og tóku starfsmenn húsanna þátt. Því hefur vinnan okkar verið með örhlítið breyttu sniði í ljósi aðstæðna. Það er gott að hafa starfsfólk sem er jafn duglegt og handlagið og okkar fólk, þá verða svona framkvæmdir bara skemmtilegar.“ segir Jakob Hallgeirsson, rekstrarstjóri mannvirkja hjá ÍR.

4. maí nk. verður leyfilegt að setja af stað skipulagðar æfingar utandyra hjá íþróttafélögum. Ljóst er hins vegar að ÍR-ingar munu nú bíða enn spenntari eftir að mæta aftur til leiks í íþróttahúsum félagsins þegar æfingar og leikir geta farið af stað af fullum krafti.



Hér er verið að mála, byggja og breyta.



Snyrtingarnar fengu andlitslyftingu eða réttara sagt gölflyftingu.

Borche Ilievski þjálfar í körfunni hjá ÍR

Borche Ilievski hefur skrifað undir nýjan samning um að þjálfa meistarflokk karla í körfubolta hjá ÍR næstu þrjú árin, eða til ársins 2023. Borche tók við sem aðalþjálfari ÍR í nóvember árið 2015 eftir að hafa verið aðstoðarmaður Bjarna Magnússonar.

Borche mun því hafa stýrt liðinu í átta leiktíðir þegar ný samningurinn rennur út. Undir hans stjórn hefur ÍR komist í úrslitakeppni Domino's-deildarinnar síðustu fjögur ár og liðið komst í úrslitaeinvígið í fyrra þar sem það tapaði í oddaleik gegn KR. ÍR var í sjöunda sæti og öruggt um sæti í úrslitakeppninni þegar tímabilið var flautað af fyrr í þessum mánuði, vegna kórónuveirufaraldursins.

Borche er 47 ára gamall Makedóníumaður sem hefur starfað á Íslandi nær sleitulaust frá árinu 2006. Hann þjálfaði lið KFI frá 2006 til 2010, Tindastól 2011-2012 og Breiðablik árin 2012-2015.



Borche Ilievski körfuboltaþjálfari.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Ósáttar við að draga liðið úr keppni



Kvinnalið ÍR í handbolta.

Leikmenn kvinnaliðs ÍR í handbolta eru ósáttar við þá ákvörðun handknattleiksdeildar félagsins að draga liðið úr keppni fyrir næsta tímabil. Leikmenn ÍR voru ekki hafðir með í ráðum þegar komist var að þessari niðurstöðu. Þeir halda í vonina um að kvinnaliðið fái að keppa áfram á Íslandsmóttinu.

Margrét Valdimarsdóttir, leikmaður ÍR sagði í samtali við Svövu Kristínu Grétarsdóttur í Sportinu á dögunum að stór hluti hópsins hafi ekki fengið að vita þetta fyrir en tilkynning kom frá formanninum á Facebook. „Því miður lét enginn vita og okkar tilfinning er að ekki hafi verið búið að reyna allt sem hægt var að reyna. Það var ekki búið að tala við okkur, ekki búið að fá okkur til að koma í fjáröflun af fullum krafti eða láta vita að fjárhagsvandræðin væru af þessari stærðargráðu. Vonandi getum við haldið þessu liði úti og að sjálfsögðu þökkum við alla hjálp. Handboltasamfélagið er ekki tilbúið að samþykkja að kvinnaliði sé hent út. Það er geggjald og stuðningurinn er frábær,“ sagði Margrét meðal annars í viðtalinu á Sportinu.

HEIMASÍÐA ÍR
www.ir.is



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.

Föstudaga
13:00 til 19:00.

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

- ◊ Office 365 þjónusta
- ◊ Gagnabjörgun og afritun
- ◊ Umsjón tölvukerfa
- ◊ Vefsíðugerð og umsjón
- ◊ Tölvuviðgerðir
- ◊ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, Mjódd
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is



GETRAUNANÚMER ÍR

109



40%

GLÖÐ

100% EINS OG HÚÐIN

100% ÞÚ

35%

GLETTIN

25%

DREYMIN

NÝTT NIVEA Q10 POWER EXTRA NOURISHING

MEÐ LÍFRÆNNI ARGAN OLÍU + Q10 EINS OG ER Í HÚÐINNI

ENDURNÝJAR VARNIR HÚÐARINNAR
GEGN ÓTÍMABÆRRI ÖLDRUN

- ✓ STINNARI HÚÐ Á 2 VIKUM
- ✓ MINNI HRUKKUR Á 4 VIKUM
- ✓ DJÚPNÆRIR ÞURRA HÚÐ

